

Sp.

133. Tillaga til þingsályktunar

um fiskirannsóknir og fiskirækt í Hamarsfirði í Suður-Múlasýslu.

Flm.: Lúðvík Jósefsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta gera ýtarlegar fiskirannsóknir í Hamarsfirði í Suður-Múlasýslu með sérstöku tilliti til þess, að komið verði upp fiskirækt í firðinum, teljist skilyrði til þess álitleg að dómi fiskifræðinga.

Rannsóknir þessar séu gerðar af fiskideild atvinnudeildar háskólans og kostaðar af ríkissjóði.

Greinargerð.

Það hefur komið í ljós, að í Hamarsfirði í Suður-Múlasýslu er sérstaklega auðug uppeldisstöð fyrir flatfisk. Bátar, sem reynt hafa dragnótaveiðar í firðinum, hafa orðið þess varir, að þar eru ógrynni af ungum flatfiski. Svo mikil hefur veiðin þarna reynzt, að hér á landi munu engin dæmi þess, að jafnmikil veiði hafi fengizt í einum drætti í dragnót og þar fékkst nú í haust.

Þessi mikla veiði hefur nær öll verið hálfvaxinn flatfiskur og mikill meiri hluti svo smár, að óheimilt er að hirða veiðina.

Þeir fiskimenn, sem reyndu veiðar í firðinum, sáu strax, að þarna var greinilega um að ræða mjög auðuga og þýðingarmikla uppeldisstöð og að allar veiðar í firðinum þurfti að banna. Það komu því strax fram ákveðnar kröfur um, að fjörðurinn yrði friðaður fyrir öllum botnsköfuveiðum, og hefur Alþingi það, er nú situr, gert samþykkt í tilefni af því.

Hamarsfjörður er að ýmsu leyti frábrugðinn öðrum fjörðum. Svo má heita, að sandrif og grynningar loki firðinum að mestu, og komast bátar varla inn í hann nema á flóði. Fjörðurinn sjálfur er þó alldjúpur og talsvert stór, þegar inn er komið.

Hamarsfjörður hefur af þessum ástæðum verið af ýmsum talinn álitlegur til fiskiræktar, á svipaðan hátt og dæmi eru til um, að lón og innfirðir hafi verið notaðir erlendis.

Það virðist vera fullkomin ástæða til þess, að fiskifræðingar okkar rannsaki sérstaklega slíkar fiskuppeldisstöðvar og þá, sem nú hefur orðið kunnugt um í Hamarsfirði, og það er einnig full ástæða til þess, að við Íslendingar fylgjumst nákvæmlega með tilraunum um fiskirækt og þeim möguleikum, sem við kunnum að eiga á því sviði.

Það er margt, sem bendir til þess, að Hamarsfjörður sé heppilegur til þessara rannsókna, og þar sem ýmsar raddir hafa komið fram um, að efnt verði til rannsókna einmitt í þessum firði, þá hefur mér þótt rétt að flytja þessa tillögu.

Í þessu sambandi þykir mér rétt að benda á, að skammt frá Hamarsfirði eru viðurkennd ágætis skarkolamið. Dragnótabátar á Austfjörðum veiða á ári hverju mikið af stórum og góðum flatfiski í nánd við Papey og inni í Berufirði, næsta firði fyrir norðan Hamarsfjörð. Það er því mjög sennilegt, að beint samband sé á milli uppeldisstöðvarinnar í Hamarsfirði og þessara ágætu veiðisvæða við Papey og í Berufirði.

Tilætlunin með flutningi þessarar tillögu er, að fiskideild atvinnudeildar háskólans hefji hið allra fyrsta rannsóknir í firðinum, og mundu svo þær rannsóknir ráða um það, hvort rétt þætti að efna til fiskiræktar þarna. Ef til þess kæmi, yrðu síðar settar reglur um þá starfsemi og fé ætlað til hennar.